

guðirnir séu fjórtán, ef þeir svo óska eftir að hafa bænaskomur til þessara fjórtán guða, fjórða hvern dag vikunnar að miðnætti, eða um elleftu stund, þá fara þeir ekki að sækja um leyfi til þess til Róm eða Cantaraborg eða Genf. Ekki heldur fara þeir að koma saman í biksvörtum neðanjarðar grafhvolfum. Þeim kemur ekki til hugar að halda þá fundi úti í regni og óveðri á krossgötum. Þeir ráða sér sal, þar sem þeim sýnist, hittast þar hvenær sem þeim sýnist og tilbiðja þar guðina eins og þeim sýnist.

Eða svo maður taki dæmi úr lífi einstaklinganna undir Þjóðstjórn. Ef að ungan mann, er heima á í Seattle, langar til að lesa læknisfræði í marmarahöll rétt við Back Bay* í Boston þá fer hann til einhvers járnbrautarfélagsins og ræðst hjá þeim sem vikasveinn á einhverri vöruflutningslest, er fer austur. Loks kemst hann til Boston og hann gengur til hallarinnar og hann sezt við og les. Enginn veit um að hann er þangað kominn nema kennarinn, sem hann les með. Og þegar hann hefir lesið og lært eins lengi og efni hans leyfa, þá fer hann.

En setjum nú svo, að frændi þessa pilts í Svartskógi eða á Weissnichtswo langi til að ganga í skóla í Berlín eða Halle. Setjum svo, að hann leggi af stað fótgangandi þangað. Svo vistar hann sér herbergi, er þangað kemur, og semur um einhverja næringu til næstu mánaðaloka. Hann hefir ekki verið þar sólarhringinn út, þegar hann er heimsóttur af einhverjum þjóni þess opinbera, og beðinn að gera grein fyrir sjálfum sér, hver hann sé, hví hann sé þangað kominn, hvað lengi hann dvelji þar og hverjir standi straum af honum, ef hann verði veikur. Hann verður að sýna endalausa „passa“ og sverja endalausa svardaga. Og svo skyldi verða stúdenta uppbot næstu viku á eftir, eða eitthvað það koma fyrir, er ollað keti ónád þeirra, sem nefndir eru „valdsmenn staðarins“, þá myndi einhver þjóna þess opinbera heimsækja hann á ný og segja honum að hann yrði að fara burt úr borginni.

* Ný læknskóli Harvard-háskólans er skrautleg marmarabygging rétt utan við Back Bay í Boston. Þýð.